

100/00 - M.b. Sjöfn ÁR-123

Sjöfn ÁR-123, leki í Þorlákshöfn

M.b. Sjöfn ÁR-123

Skipaskr.nr.: 2004

Smíðaður: á Fáskrúðsfirði 1989 úr furu og eik

Stærð: 9,80 brl; 15,95 bt

Lengd: 11,48 m **Breidd:** 3,92 m **Dýpt:** 1,47 m

Vél: Isuzu 121,00 kW **Árgerð:** 1993

Annað:

Földi skipverja:

Atvikalýsing

Hinn 31. júlí 2000 var m.b. Sjöfn ÁR-123 við bryggju í Þorlákshöfn.

Vegfarandi er átti leið um höfnina í Þorlákshöfn um kl. 20:30 tók eftir að bátur var með umtalsverða slagsíðu eða um 30° og kallaði til slökkvilið til að dæla úr bátnum.

Eftir að dælt hafði verið úr bátnum kom ekki fram neinn leki á byrðingi bátsins og sjór hafi ekki komið þá leiðina í bátinn.

Við rannsókn kom fram

- að í lögregluskýrslu kemur fram að þeir sem unnu við björgun bátsins töldu að slanga sem lá frá austurdælu og út fyrir borðstokk í sjó hafi náð að draga sjó til baka þegar búið var að dæla út austri;
- að maður sem hafði tekið að sér að dæla úr bátnum kom um borð rétt fyrir 16:00 og gangsetti rafknúna austurdælu, sem fékk rafmagn frá landi, og komið var fyrir undir vél bátsins en frá henni lá slanga upp á þilfar, og þaðan útbyrðis og niður í sjó.

Nefndarálit

Nefndin telur að bakflæði í gegnum slöngu frá austurdælu og út í sjó, eftir að dælan var stöðvuð, hafi orskað að báturinn var næstum sokkinn við bryggjuna.